

Mánudaginn 18. ágúst 1975.

Nr. 102/1975. **Ákærvaldið**
 gegn
Samúel Oddgeirssyni.

D ó m e n d u r :

**hæstaréttardómaramir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr
 og Einar Arnalds.**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Örn Höskuldsson, fulltrúi yfirsakadómara, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 11. ágúst 1975, sem barst Hæstarétti 12. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Greinargerð hefur ekki borist af hendi varnaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 11. ágúst 1975.

Ár 1975, mánudaginn 11. ágúst, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Aðfaranótt síðastliðins sunnudags var brotist inn í húsakynni Bílaleigunnar Fals við Rauðarárstíg hér í borg. Var stolið þar verðmætri reiknivél, lyklum að bensíndælu og nokkrum krónu-peningum. Við rannsókn á vettvangi fundust fingrafarapartar á innanverðum gluggapósti, sem er beint fyrir neðan opnanlegan glugga, sem farið hafði verið inn um. Við rannsókn í tæknideild rannsóknarlögreglunnar kom í ljós, að fyrrgreind fingraför eru eftir löngutöng og græðifingur vinstri handar Samúels Oddgeirs-sonar, Freyjugötu 36 hér í borg.

Samúel var handtekinn í gær, og við yfirheyrslur hjá rann-

sóknarlögreglu þá og eins fyrir dómi í dag hefur hann neitað að hafa verið þarna að verki. Kvaðst hann hafa verið með Kristmundi Sigurðssyni að skemmta sér umrætt kvöld og skilið við hann skammt frá heimili sínu þessa nótt einhvern tíma ekki löngu eftir klukkan eitt.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi, og ber nauðsyn til að úrskurða kærða í gæsluvarðhald, svo rannsókn málsins megi fara óhindruð fram. Kærði er sakaður um brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og getur brotið varðað hann fangelsisrefsingu, og eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 varðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Kærði, Samúel Oddgeirsson, er vanaafbrotamaður. Hann hefur á árunum 1971—1973 hlotið sex dóma, samtals fangelsi í 25 mánuði, og hefur hann afplánað alla dómanna að fullu. Hann hefur frá síðastliðnum áramótum verið kærður fyrir 7 innbrot og ölvun við akstur. Þessi mál eru öll hjá ríkissaksóknara, og hefur ekki verið gefin út ákæra í neinu þeirra.

Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 60 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Samúel Oddgeirsson, sæti gæsluvarðhaldi í allt að 60 dögum.